



GILDANDI SKIPULAG
samþykkt 19. júní 1995



BREYYTT SKIPULAG



Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- - Mörk skipulagsbreytingar
- Lóð
- Byggingarreitur
- Gata
- Stigur
- ▲ Bílastæði
- Opið svæði, trjágróður og landmótn
- Skráðar forminjar
- - 15 m helgunarsvæði forminja

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið auglýst skv.
1. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn
þann _____.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingin var auglýst í
B-deild Stjórnartíðinda

þann _____.

GREINARGERD

ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu Súðavík, skv.1. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið tók gildi árið 1995 og ekki hafa verið gerðar breytingar á því.

Breytingin er gerð vegna áforma um að reisa smáhýsi á lóð Eyradals 7, innan og ofan við Melrakkasetrið, gamla Eyrardalsbæinn. Markmiðið með breytingunni er að auka framboð af heilsárs gistirymum fyrir ferðamenn í Súðavík.

Þann – janúar samþykkti hreppsnefnd Súðavíkurhrepps að auglýsa

deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Skipulagið var ekki kynnt á vinnslustigi, þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 sbr. 4. mgr. 40 gr. skipulagslag.

FORSENDUR

Svæðið sem breytingin tekur til er ofan við Melrakkasetrið, gamla Eyrardalsbæinn og norðan við ystu húsin í Holtagötu. Í framhaldi af Holtagötu og neðan

skipulagssvæðisins liggur göngustígur yfir Eyrardalsá. Einnig er gert ráð fyrir göngustig sunnan við lóðina í gildandi aðalskipulagi. Lóðin Eyrardalur 7 er sú efsta í götunni Eyrardalur og aðliggjandi er opíð svæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er tún sem hefur stundum verið slegið síðustu ár. Í gildandi deiliskipulagi er lóðin skilgreind sem hesthúsasvæði.

Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við breytingu Áðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030, sem staðfest var 16. september 2022. Þar er umrætt svæði skilgreint sem verslun og þjónusta (Vp1) og er gert ráð fyrir allt að 7 smáhýsum, hvert og eitt að hámarki 25 m². Heildarfjöldi gistírumá á reitnum má vera allt að 28. Samkvæmt aðalskipulagsbreytingunni skal milda neikvæð áhrif á íbúa í Eyrardal, svo sem með trjágróðri og jarðvegsmön á milli lóða.

Engar þekktar forminjar eru innan lóðarinnar en hins vegar er tóft skammt austan hennar. Minjastofnun hefur, með bréfi til Súðavíkurhrepps þann 12. nóvember 2024, óskað því að 15 m helgunarsvæði tóftarinna verði vrit og henni ekki raskað. Í bréfinu er bent á að svæðið er skammt frá bæjarhóli Eyrardals og innan heimatúns og kunna minjar að leyast undir sverði þrátt fyrir að svæðinu hafi verið raskað.

Engar skráðar náttúruninjar eru á því svæði sem skipulagsbreytingin tekur til ¹ og þar er ekki að finna fyrirbæri sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ².

Fyrir liggur ofanflóðahættumat frá Veðurstofu Íslands frá árinu 2005.³
Skipulagssvæðið er utan hættusvæðis vegna ofanflóða.

SKIPULAGSBREYTING

Kafli 2.4. Hesthúsabyggð í gildandi deiliskipulagi fellur út og í staðinn kemur inn nýr kafli, Smáhýsi fyrir ferðapjónustu, með eftirfarandi skilmálum.

Sérákvæði – smáhýsi fyrir ferðapjónustu

Lóðin Eyrardalur 7 minnkar úr 2.385 m² í 2.233 m². Með breytingunni eru afmarkaðir tvær byggingarreitir fyrir smáhýsi sem ætluð eru ferðamónnum til útleigu. Byggja má þrijú smáhýsi á hvorum reit. Hvert og eitt smáhýsi má vera allt að 25 m², á einni hæð, auk palls. Einnig er heimild fyrir allt að 20 m² þjónustuhúsi innan byggingarreits, með þvottaaðstöðu fyrir dvalargesti.

Hvert hýsi má vera búið rafmagni og vatni, m.a. eldhúsaðstöðu og salerni. Smáhýsin tengast inn á veitukerfi Súðavíkur.

Yfirbragð smáhýsa skal samrýmast nærliggjandi byggð, hvað varðar efnisval, lit og form. Aðkoma að svæðinu verður um götuna Eyrardalur. Bílastæði verða við hvert hús og að auki verða almenn bílastæði norðan við lóðina.

Setja skal jarðvegsmön og/eða planta trjám á milli lóðanna Eyrardalur 7 og Eyrardalur 5 annars vegar og Holtagötu 31 hins vegar, til að milda neikvæð áhrif á íbúa.

Göngustígur á milli lóða Eyrardals 7 og 5 er sýndur miðað við núverandi legu hans og göngustígur á milli Eyrardals 7 og Holtagötu 31 er sýndur í samræmi við aðalskipulag. Einnig er göngustígur upp hlíðina norðan við lóðina.

Ef áður óþekktar forminjar finnast við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdir og gera Minjastofnun viðvart. Helgunarsvæði minja er merkti á skipulagsuppdrátt.

Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi deiliskipulags.

UMHVERFISÁHRIF

Skipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á náttúruninjar eða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Tekið er tilit til forminjar austan lóðarinnar í deiliskipulaginu en helgunarsvæði hennar nær inn að lóðina.

Sett eru ákvæði um ásýnd smáhýsanna til að þau falli vel að núverandi byggð og umhverfi. Mötvægisáðgerðum er ætlað að milda áhrif vegna aukinnar umferðar um svæðinu sem skipulagsbreytingin tekur til. Skipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á aðgengi að göngustigum eða möguleika til uppbryggings göngustiga skv. aðalskipulagi.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands 2024a. Náttúruninjaskrá, vefsíða. Sótt 13. desember 2024 af <https://naturuminingaskra.ni.is/>

² Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024b. Sérstök vernd vistkerfa og jarðmyndana, vefsíða. Sótt 10. desember 2024 af <https://serstokvernd.ni.is/>

³ Veðurstofa Íslands, 2005. Hættumat fyrir Súðavík. Þóður Arason, Þorsteinn Arnalds, Siegfried Sauermoser og Hóður Þór Sigurðsson. VI-VS-02.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

SÚÐAVÍK

Deiliskipulagsbreyting - Eyrardalur 7

TILLAGA TIL AUGLÝSINGAR